

eldsvoða eða búfjársljúkdóma, enda hafi hann ekki fengið tjón sitt bætt úr hendi annarra aðila.

6. Ef gjaldþol skattþegns hefur skerzt verulega vegna tapa á útistandandi kröfum, sem ekki stafa frá atvinnurekstri hans.
7. Ef skattþegn lætur af störfum vegna aldurs og gjaldþol hans skerðist verulega af þeim sökum.

Nánari ákvæði um skilyrði fyrir framangreindum ívilnunum skulu sett í reglugerð. Skattstjóri getur veitt ívilnanir samkvæmt þessari grein án umsóknar. Ákvörðun skattstjóra samkvæmt þessari grein má skjóta til ríkisskattstjóra, sem tekur endanlega ákvörðun í málinu. Ríkisskattstjóri skal sérstaklega fylgjast með ívilnunum þeim, sem skattstjórar veita samkvæmt þessari grein, og sjá til þess, að samræmis sé gætt og réttum reglum fylgt.

Greiði skattþegn, sem skattskyldur er hér á landi, samkvæmt ákvæðum I. kafla þessara laga, skatta af eignum sínum og tekjum, sem skattskyldar eru hér á landi, til ríkissjóðs eða opinberra aðila í ríki, sem Ísland hefur ekki gert við tvísköttunarsamning, er ríkisskattstjóra heimilt, samkvæmt umsókn skattþegns, að lækka tekjuskatt eða eignarskatt með hliðsjón af þessum skattgreiðslum.

10. gr.

53. gr. laganna orðist svo:

Skylt er að hækka eða lækka þær fjárhæðir, sem um ræðir í A- og D-liðum 13. gr., 14. gr. og 16. gr., svo og þrepin í skattstiga þeim, sem um ræðir í I. lið 25. gr. og fjárhæðir í IV. lið þeirrar gr., í samræmi við skattvísitölu, sem ákveðin skal í fjárlögum ár hvert.

11. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda við álagningu skatta til ríkissjóðs fyrir skattárið 1972.

Gjört í Reykjavík, 30. apríl 1973.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Halldór E. Sigurðsson.

L Ö G

um Iðnrekstrarsjóð.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Stofna skal sjóð til að stuðla að auknum útflutningi iðnaðarvarnings, breyttu skipulagi og aukinni framleiðni í íslenskum iðnaði. Sjóðurinn skal vera sjálfstæð stofnun í eigu ríkisins.

2. gr.

Sjóðurinn er undir yfirstjórn iðnaðarráðherra. Heimilt er ráðherra að fela banka eða annarri fjármálastofnun daglega afgreiðslu sjóðsins.

3. gr.

Stjórn sjóðsins skipa 5 menn og jafnmargir til vara skipaðir af iðnaðarráðherra til tveggja ára í senn.

Iðnaðarráðherra skipar formann sjóðsstjórnar án tilnefningar. Aðra stjórnarmenn skipar hann samkvæmt tilnefningu Sambands íslenskra samvinnufélaga, Iðnbrotunarsjóðs, Alþýðusambands Íslands og Félags íslenskra iðnrekenda, er hvert tilnefni einn mann.

Varamenn skulu skipaðir á sama hátt til jafnlangs tíma.

4. gr.

Stjórnin hefur með höndum starfsemi sjóðsins og ráðstöfun fjármagns hans. Iðnaðarráðherra ákveður þóknun fyrir störf sjóðsstjórnar.

5. gr.

Stofnfé sjóðsins er:

1. Gengishagnaður skv. 3. og 4. mgr. 2. gr. laga nr. 97/1972.
2. Gengishagnaður á sérstökum reikningi rikissjóðs hjá Seðlabankanum skv. síðustu málsgrein 5. gr. laga nr. 74/1968.
3. Framlög rikissjóðs, 50 millj. kr. á ári, í fyrsta sinn 1973.

Annað ráðstöfunarfé sjóðsins er:

1. Vaxtatekjur.
2. Afborganir af veittum lánnum.
3. Lántökur.
4. Aðrar tekjur.

Allur kostnaður við starfsemi sjóðsins greiðist af tekjum hans. Sjóðurinn er undanþeginn sköttum til ríkis og sveitarfélaga. Fé sjóðsins skal geyma á sérstökum reikningi í vörzlu Seðlabanka Íslands.

6. gr.

Hlutverk sjóðsins skal vera að styrkja útflutningsstarfsemi og erlenda markaðsöflun í þágu iðnaðarins m. a. með eftirfarandi aðgerðum:

að stuðla að aukinni ráðgjöf, þjálfun og tæknipjónustu með framlögum eða lánnum til stofnana, sem starfa einvörðungu í þágu iðnaðarins,
 að auka framleiðni með stuðningi við aðgerðir, sem stefna að aukningu afkasta í iðnaði, meiri sérhæfingu í framleiðslu iðnfyrirtækja og virkari stjórnun þeirra, að hvetja til samvinnu og samruna iðnfyrirtækja með lánnum eða styrkjum, í þeim tilgangi að byggja upp hagkvæmari rekstrareiningar, þó þannig að ekki verði dregið úr eðlilegri samkeppni innanlands.

7. gr.

Sjóðurinn má kaupa og selja hlutabréf í starfandi fyrirtækjum, taka þátt í stofnun nýrra hlutafélaga, sem og með öðrum hætti afla sér eignarhluta í starfandi eða nýjum fyrirtækjum, enda samrýmist slík ráðstöfun tilgangi sjóðsins.

Stjórn sjóðsins ákveður skilyrði fyrir þátttöku sjóðsins hverju sinni, hvort sem um er að ræða hlutafjárkaup, fjárframlög, lánveitingar eða styrkveitingar. Sama gildir um lánskjör.

Við ákvörðun lánskjara og vaxta skal leita umsagnar Seðlabanka Íslands.

8. gr.

Stjórn sjóðsins er heimilt að taka lán, allt að 200 milljón krónur, fyrir hönd sjóðsins. Ekki er heimilt að veita styrki eða framlög nema af stofnfé sjóðsins.

9. gr.

Sjóðstjórn er skylt að hirta árlega opinbera skýrslu um starfsemi sjóðsins, og skulu endurskoðaðir ársreikningar fylgja henni.

10. gr.

Ráðherra skal með reglugerð setja nánari ákvæði um starfsemi sjóðsins, þar á meðal um reikningshald og endurskoðun og starfsfólk og stöðu þess.

11. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt falli niður úr 2. mgr. 4. gr. laga nr. 74 12. nóvember 1968, um ráðstafanir vegna ákvörðunar Seðlabanka Íslands um nýtt gengi íslenzkrar krónu, orðin: „Fé, sem á reikninginn kemur, skal ráðstafað með sérstökum lögum í þágu þeirra atvinnuvega, sem eiga viðkomandi afurðaverðmæti.“

Ákvæði til bráðabirgða.

Lög þessi, svo og önnur lög um lánasjóði iðnaðarins, skal taka til endurskoðunar hið fyrsta með það fyrir augum að sameina sjóðina og verkefni þeirra.

Gjört í Reykjavík, 30. apríl 1973.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Magnús Kjartansson.

L Ö G**um jöfnun flutningskostnaðar á sementi.****FORSETI ÍSLANDS**

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Framkvæma skal jöfnun á flutningskostnaði sements, þannig að kostnaðarverð í vöruskemmu á hverri sementstegund frá hverjum innlendum framleiðanda eða innflutningsaðila verði hið sama á öllum verzlunarstöðum, sem jöfnun þessi nær til. Jöfnun flutningskostnaðar samkvæmt lögum þessum nær til allra verzlunarstaða á landinu, sem jafnframt eru aðaltollhafnir. Heimilt er viðskiptaráðherra að ákveða með reglugerð, að jöfnun þessi á flutningskostnaði skuli einnig ná til annarra tilgreindra verzlunarstaða.

2. gr.

Leggja skal flutningsjöfnunargjald á allt sement, sem framleitt er í landinu eða flutt er til landsins. Gjald þetta ákveður viðskiptaráðuneytið fyrir allt að eitt ár í senn, og skal upphæð þess við það miðuð, að tekjur af því nægi til að greiða flutningskostnað á því sementi, sem flytja þarf frá framleiðslustað eða innflutningshöfn til þeirra verzlunarstaða, sem jöfnun flutningskostnaðarins nær til, þannig að fullnægt verði þaðan eftirspurn eftir sementi, hvar sem er á landinu.

Flutningsjöfnunargjaldið skal reikna á hvert selt tonn af sementi. Skulu innlendir framleiðendur (Sementsverksmiðja ríkisins) greiða gjaldið ársfjórðungslega til við-